

102. fundur

15. mars 2016

0912049SA BÓH  
Málalykill: 502

**Fundargerð sameiginlegs fundar samstarfsnefnda  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags leikskólakennara**

Fundur haldinn fimmtudaginn 15. mars 2016, Borgartúni 21, Reykjavík og hófst hann kl. 15:05.

Mætt voru Haraldur F. Gíslason, Fjóla Þorvaldsdóttir fyrir hönd Félags leikskólakennara. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Mat á menntun félagsmanns í FL samkvæmt gr. 10.4.1 - 1303014SA**

Óskað var eftir mati á menntun háskólamenntaðs starfsmanns B. Starfsmaðurinn er með meistaraprófsmenntun í umhverfisfræðum frá Roskilde University í Danmörku. Fyrir liggur greinargerð aðstoðarleikskólastjóra þar sem staðfest er að námið nýtist í starfi ásamt gögnum er málið varðar þar á meðal námsskírteini og staðfestingarbréf háskólans í Hróarskeldu um lokaritgerð vegna námsins.

**Niðurstaða:**

Eftir að hafa farið yfir gögn málsins og með tilliti til staðfestingar um að námið nýtist sannanlega í starfi leikskólans er það niðurstaða samstarfsnefndar að starfsmaðurinn fái 6 launaflokka vegna MS prófgráðu frá Roskilde University.

**2. Upptaka nýrra starfsheita**

Við gerð kjarasamnings SNS og FL sem undirritaður var 26. nóvember s.l. láðist að setja eftirfarandi starfsheiti inn í gr. 1.3.1 og einnig fórst fyrir að láta þessi starfsheiti koma fram í launatöflum þar sem við á.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að við grein 1.3.1 um röðun starfsheita bætist eftirfarandi starfsheiti:

Háskólamenntaður sérkennari með B.ed í leikskólakennarafræðum. Menntunarflokkur II. Starfsheitið raðast í launaflokk 229.

Háskólamenntaður verkefnastjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum.  
Menntunarflokkur II. Starfsheitið raðast í launaflokk 229.

Háskólamenntaður sérgreinastjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum.  
Menntunarflokkur II. Starfsheitið raðast í launaflokk 229.

Háskólamenntaður sérkennslustjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum.  
Menntunarflokkur II. Starfsheitið raðast í launaflokk 231.

Háskólamenntaður deildarstjóri staðgengill leikskólastjóra með B.ed í  
leikskólakennarafræðum. Menntunarflokkur II. Starfsheitið raðast í launaflokk  
231.

Grein 10.4.1 um framhaldsnám leikskólakennara gildir um öll starfsheiti  
háskólamenntaðra starfsmanna með B.ed próf og Aðstoðarleikskólakennara sem  
raðast í starfsheiti samkvæmt grein 1.3.1 og taka laun samkvæmt launatöflum 1A  
– 5A.

Fundi slitið klukkan 16:00